

Alþingi
Erindi nr. P 131/614
komudagur 14.12.2004



Alþingi
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 10. desember 2004
Tilvísun: 2004110607 ÞS/--

Efni: Umsögn Persónuverndar um frumvarp til laga um græðara


Persónuvernd vísar til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 22. nóvember 2004, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um drög að frumvarpi til laga um græðara. Þau ákvæði frumvarpsins, sem lúta að vinnslu persónuupplýsinga, fjalla annars vegar um skrá yfir græðara í umsjá Bandalags íslenskra græðara (1., 3. og 8. gr.) og hins vegar um þagnarskyldu um hagi skjólstæðinga græðara og meðferð persónuupplýsinga vegna heilsutengdrar þjónustu sem þeir veita (5. og 6. gr.).

Persónuvernd gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Ekki kemur fram hversu víðtækur aðgangur eigi að vera að skrá yfir græðara. Sé ætlunin sú að skráin eigi að vera opin almenningi og jafnvel birt opinberlega telur Persónuvernd eðlilegt að sérstaklega verði kveðið á um það í 3. gr. svo að girt sé fyrir vafa um túlkun laganna hvað það varðar.
2. Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um skráningu upplýsinga um heilsutengda þjónustu græðara og er þar vísað til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Persónuvernd telur það myndu verka til skýringar að einnig væri vísað til reglna settra með stöð í lögnum og er því lagt til að við síðari málslið umræddrar greinar bætist orðin „og reglna settra með stöð í þeim“.
3. Hafa verður í huga að þær upplýsingar, sem græðarar vinna með, verður í mörgum tilvikum að telja til viðkvæmra persónuupplýsinga, þ.e. upplýsinga um heilsuhagi, sbr. c-lið 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Mjög mikilvægt er að gætt sé að öryggi slíkra upplýsinga og telur Persónuvernd æskilegt að það komi fram í 6. gr. Leggur því stofnunin til að á eftir orðinu „upplýsinga“ í síðari málslið þessarar greinar frumvarpsins

verði þetta gefið til kynna með því að bæta þar við orðunum „þ. á m. Öryggi þeirra“.

Virðingarfyllt
f.h. forstjóra Persónuverndar

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður Sveinsson', written in a cursive style.

Þórður Sveinsson
lögfræðingur